

# Að byggja grunninn

(Michelle Sonia Horne)

Hvers vegan geta börn sýnt og túlkað hreyfingar og hljóð með blýanti og lit og málað tónlist og lykt með pensli? Í leikjum barna er allt mögulegt og hugmyndaflugið blómstrar. Að fljúga til tunglsins í kassa er sjálfsagður hlutur og sólarlagið er stundum grænt. Takmörkin eru engin!

En, hvaða breytingar verða á hugsun og sköpunargleði barna með aldrinum? Hvers vegna minnkar og jafnvel hverfur þessi eiginleiki? Hvernig stendur á því að börn og unglingar nefna allt of sjaldan list- og verknám þegar þau ræða um mikilvægar námsleiðir?

Við uppeldi dætra minna hef ég „orðið vitni“ að baráttu þeirra og togstreitu við námsval. Áhrif samfélagsins og hugmyndir þess vógu þungt þegar kom að því að taka afstöðu til námsleiða. Viðhorf mín, sem þekki styrkleika þeirra og áhugasvið, skiptu litlu. Oft völdu þær bóklegar greinar þrátt fyrir að styrkleikur þeirra liggi tvímælalaust í list- og verkgreinum. Þeim var einfaldlega ráðlagt að velja bókleg fög því þau myndu nýtast þeim betur en listgreinar í framtíðinni. Námráðgjafi einn sagði nemanda sem leitaði til hans að; ef hann veldi fleiri listgreinar en hann þegar væri í yrði hann BARA listamaður. Nú, mörgum árum síðar má segja að eldri dóttir mín hafi fundið sig í námi. Hún fékk inngöngu í Listaháskóla Íslands og gengur mjög vel.

Það er mikilvægt að við sem fagfólk tökum höndum saman um að breyta þessum viðhorfum til lista og listgreina í samfélaginu; breyta orðræðunni. Við þurfum samfélag sem byggir upp og hvetur skapandi og hugmyndafræða einstaklinga. Samfélag sem hlúir að þeim svo þeir verði öruggir og eigi raunverulega möguleika á að velja skapandi greinar ef þeir kjósa svo. Fólk sem veit að í framtíðinni getur það orðið meira en BARA skapandi einstaklingar eða listamenn.

Nú í vikunni spurði ég stúlku sem lýkur grunnskólagöngu sinni eftir eitt ár, hvað hún teldi mikilvægast að læra. Hún sagði það vera stærðfræði og íslensku, en finnst þau fög samt ekki skemmtileg. Þessi unga stúlka hefur stundað dans frá því hún var lítil, numið söng og nýtur sín í listum. Svar hennar kom mér á óvart, og þó ekki, því ég hef allt of oft heyrt sams konar svör.

Er samfélag okkar orðið svo samdauna þessu viðhorfi til náms að við setjum ekki einu sinni spurningar við það? Ef nemendur fengju kynningu á þeim tækifærum og starfsmöguleikum sem bjóðast að námi loknu, tel ég meiri líkur á að fleiri velji sér list- og verknám.

Ímynd list- og verkgreina þarf að bæta. Kynna þarf enn betur starfsmöguleika og fyrirmyndir og það sem þeir einstaklingar sem lokið hafa námi í list- eða verkgreinum eru að fást við. Nýtum okkur samfélagsmiðla. Reynum að ná til unga fólksins „þar sem það er“. Við sem komum að menntun þurfum að efla þekkingu okkar og kynna okkur hvað unga fólk vill. Gerum kannanir! Finnum hvar áhugi þeirra liggur og gerum okkur mat úr því? Könnum og metum það sem sveitarfélögin bjóða upp á í list og listgreinum. Spyrjum hvort börn og unglingar hafi möguleika á að sinna listrænum áhugamálum sínum.

Í íslenskum leikskólum er einn þriðji hluti starfsfólksins menntaðir leikskólakennarar og þar af leiðandi eru tveir þriðju starfsfólks með aðra menntun og/eða starfsreynslu. Þrátt fyrir þennan ólíka bakgrunn og reynslu þarf allt starfsfólk að vinna samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*. Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins. Þar er grunnurinn lagður, ekki aðeins fyrir barnið – heldur einnig fyrir foreldra.

Til að góður árangur náist í listsmiðjum er mikilvægt að kennarar og leiðbeinendur séu skapandi og tilbúnir til að leiðbeina og hvetja. Að þeir búi yfir ástríðu og sjái möguleika í verkum nemenda sinna og hvetji þá til að takast á við verkefnið og þróa hugmyndir sínar áfram. Það er ekki sjálfgefið að starfsfólk búi yfir þessum eiginleikum.

Rannsókn sem ég gerði fyrir meistaraaritgerð mína: *Þetta snýst fyrst og fremst um viðhorf*. (It's all about attitude) sýndi fram á að starf verkefna- og fagstjóra í listum er afar mikilvægt. Hlutverk slíks verkefnastjóra er að hvetja til sköpunar, styðja við og hvetja kennara til að auka áherslu á skapandi starf og með því að auka gæði sjónlista í námi og starfi.

Með stöðu verkefnastjóra er hægt að veita starfsfólki stuðning og fræðslu á vinnustaðnum sem auðveldar fólki að tengja nýja þekkingu við starfið sitt og leiðir oft til mjög jákvæðrar framþróunar á vinnustaðnum. Tíminn nýtist betur en þegar sækja þarf slíkt út fyrir skólann og spenna og álag minnkar. Það næst betri árangur þegar allt starfsfólkið fær fræðslu en þegar einn eða tveir starfsmenn miðla til þess eins og gert er þegar fáeinir fulltrúar skólans sækja námskeið út fyrir stofnunina.

Verkefnastjórstöður sem þessar efla skólastarfið. Ég hvet sveitarfélög til að viðurkenna mikilvægi þeirra í leikskólum og vona að þau sjái þá miklu möguleika og tækifæri sem þeim fylgja.

Niðurstöður rannsóknar minnar bentu einnig til þess að viðhorf og reynsla starfsfólks til sjónlista í leikskólum hefur veigamikil áhrif á það hvernig unnið er með þær í leikskólum. Einnig eru sterk tengsl á milli reynslu einstaklinganna af sköpun á barnsaldri og þess hvernig þeir vinna með og meta sjónlistir í starfi. Jákvæðar tilfinningar sem þátttakendur upplifðu af skapandi starfi á barnsaldri, ýta undir þörf þeirra og vilja til að bjóða börnunum upp á innihaldsríkt nám og upplifanir í listum. Slík reynsla, jákvæð viðhorf ásamt faglegri og verklegri þekkingu hefur áhrif á það hvernig kennarar vinna með sjónlistir í leikskólum.

Unga fólkið okkar sem elst upp við að list- og verknám sé minna virði en bóknám getur síðar sem fullorðnir einstaklingar þurft að taka ákvarðanir varðandi menntamál framtíðarinnar. Á hverju mun það byggja ákvarðanir sínar?

Þegar yfirvöld og áhrifamiklir aðilar um menntamál; allt frá leikskólastjórum upp í menntamálaráðherra hafa góða þekkingu, skilning og áhuga á list- og verknámi er líklegt að áhersla verði lögð á þessar greinar og tíma og fjármagni ráðstafað til þeirra.

Orð hafa mátt og þau hafa áhrif á skilning okkar og skoðanir. Því er mikilvægt að fólk hafi sama skilning á orðum, innihaldi þeirra og merkingu. Það þarf að vera sátt um hvernig við tölum um menntun. Það eru ýmis álitamál í þessu sambandi:

Þegar þú hannar eitthvað, er það list?

Er list og handverk það sama?

Getur þú skapað án þess að vera skapandi?

Hvenær ertu hönnuður? Og ertu þá líka listamaður?

Er það *ferlið* sem skiptir máli? Eða er það *útkoman*? Eða er hvort um sig jafn mikilvægt?

Merking orða virðist taka breytingum við notkun þeirra og gildi og innihald þeirra breytist og þróast.

Orðið *sköpun* er notað þegar talað er um fyrirfram ákveðin eða mótuð verkefni og einnig þegar börn vinna frjálst að eigin hugmyndum á skapandi hátt.

Orðið *föndur* er oft notað þegar einstaklingur vinnur frjálst eða gerir fyrirfram mótuð verkefni.

Mín skoðun er sú að þegar orðið *sköpun* er slitið úr samhengi verði munurinn óskýr, sem leiðir síðan til mismunandi sýnar á list. Dæmi um það er, að fólk talar stundum um skapandi efnivið. Ég spyr, getur efniviðurinn einn og sér verið skapandi? Er það ekki einstaklingurinn og ferlið sem hann fer í gegnum í vinnu sinni með efniviðinn sem er skapandi?

Samfélagið og þar með skólar þurf að taka afstöðu til þess hvað skal leggja áherslu á hverju sinni og hvað æskilegt er að nemendur fái út úr námi sínu. Það er ekki nóg að segja að list- og verknám sé mikilvægt. Við þurfum að vita af hverju það er mikilvægt og gera það sýnilegt. Ég tel eitt lykilatriðið vera að deila þekkingu með öðrum. Dæmi um slíkt er starf *Faghóps um leikskólastarf*. Hann vinnur að aukinni meðvitund um leikskólastarfið og þjappar fólki með sömu hugsjónir saman. Markmið hópsins er að kynna allt það mikla og skapandi starf sem fram fer í leikskólum landsins. Þar gefst leikskólakennurum tækifæri til að miðla og kynna starf sitt í samstarfi við Faghópinn. Þetta tel ég vera eina leið af mörgum til að gera skapandi starf og nám sýnilegt og deila þekkingu með öðrum.

Að lokum, þegar við leitum að lausnum til að efla list- og verknám framtíðarinnar, tel ég fimm orð, lykilorð skipta mestu máli.

Það eru:

- Viðhorf
- Forgangsröðun
- Tækifæri
- Þekking
- Skilningur

Þessi fimm orð leggja grunninn að og gefa vísbendingar um það sem skiptir máli þegar ákvarðanir eru teknar. Þau hafa áhrif á hvernig kennarar kenna og hvernig börn læra. Þau hafa einnig áhrif á það hvernig skólar velja sér áherslupætti í starfi og ekki má gleyma að þau leggja grunninn að því hvernig list er í raun framkvæmd í skólum.